

# Til hamingju með hvolpinn

Stutt kynning á Retriever-hvolpum  
og umönnun þeirra fyrir byrjendur



40  
YEARS  
of  
HEALTH  
NUTRITION

ROYAL CANIN


# LABRADOR JUNIOR

FYRIR HVOLPINN ÞINN

HEILBRIGÐUR VÖXTUR &  
ÞYNGDARSTJÓRNUN

HEILBRIGT MELTINGARKERFI

STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ



# Til hamingju með hvolpinn

## Efnisyfirlit

Kynning á Retrieverdeild HRFÍ .....	5
Kæri hvolpakaupandi .....	6
Uppeldisreglur .....	8
Hundaþjálfun .....	16
Retriever sem vinnuhundur .....	21
Líkamlegur þroski hundsins .....	23
Heilsa hundsins .....	26
Umhirða og snyrting .....	27

## **Útgefandi:**

Retrieverdeild Hundaræktarfélag Íslands

### **Þýtt og staðfært úr dönsku:**

Halldór Björnsson

Leifur Þorvaldsson

Sigurður Magnússon

### **Yfirlestur og staðfært við aðra útgáfu:**

Guðmundur A. Guðmundsson

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Heiðar Sveinsson

Þórhallur Atlason

Þórgunnur Pétursdóttir

Arnar Tryggvason

### **Ábyrgðarmenn:**

Stjórn Retrieverdeildar HRFÍ

### **Ljósmyndir: ýmsir**

**Prentun:** Oddi, umhverfisvottað fyrirtæki

2. útgáfa, 2015

# Retrierverdeild HRFÍ

Retrierverdeild HRFÍ býður félagsmönnum sínum upp á fjölbreytta starfsemi. Deildin stendur m.a. fyrir hundasýningum, veiðiprófum, gönguferðum, þjálfunum, fyrirlestrum ofl. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu deildarinnar [www.retriever.is](http://www.retriever.is)

## ***Retrierverdeildin er ræktunardeild retrieverhunda***

Stjórn er kjörin á aðalfundi sem haldinn er ár hvert, og er hún jafnframt ræktunarráð sem er ráðleggjandi um þörun og heldur utan um allar upplýsingar um paranir og got. Ræktunarráð heldur einnig utan um upplýsingar um arfgenga sjúkdóma í retrieverhundum.

Allar upplýsingar um ættir, heilsufar og árangur allra ættbókarfærðra retrieverhunda á Íslandi má finna í opnum gagnagrunni á heimasíðu deildarinnar: [www.retriever.is](http://www.retriever.is)

## ***Nefndir***

Innan Retrierverdeildar eru starfandi nokkrar nefndir og ráð, og má þar helst nefna sýninganefnd sem sér um skipulag sýninga á vegum deildarinnar og kemur að sýningum á vegum HRFÍ. Veiðinefnd sem sér um öll veiðipróf á vegum deildarinnar og heldur utan um niðurstöður þeirra, ásamt því að halda sameiginlegar sækiaefingar og óformleg próf. Göngu- og skemmtinefnd sem kemur að skipulagi á ýmsum viðburðum sem tengjast hundahaldi eins og skipulögðum gönguferðum, sýningarþjálfun og þ.h. ásamt því að efna til viðburða þar sem eigendur retrieverhunda hittast.

## ***Tegundahópur 8***

Innan Retrierverdeildar HRFÍ eru sex hundakyn sem teljast til tegundahóps 8. Þau eru : Labrador Retriever, Golden Retriever, Flat-coated Retriever, Curly-coated Retriever, Chesapeake Bay Retriever og Nova Scotia duck Tolling Retriever.



Þessi bók veitir þér í stuttu máli leiðbeiningar um hvolpauppeldi og frekari þjálfun retrieverhunda. Auk þess eru upplýsingar um líkamlegan þroska, umhirðu og umhyggju.

## Kæri hvolpakaupandi

Til hamingju með valið á retrieverhvolpinum! Við vonum að hann megi dafna og verða blíður, yfirvegaður og heilbrigður hundur sem kom veiti þér og fjölskyldu þinni ómælda gleði og frábæran félagsskap næstu 10-12 árin.

Retrieverhundur er yfirleitt rólegur með gott skap. Markviss ræktun í margar kynslóðir hefur skapað hunda sem í veiðiprófum, vinnuprófum, á veiðum og á sýningum hafa sannað sig sem dugandi sækjar á veiðum með einstaka skapgerð.

Yfirveguð ró, hæfileiki til að læra, einskær vilji til að þóknast og hin mikla þefvísí, hafa sýnt og sannað að retrieverhundurinn er vel dugandi t.d. sem leiðsöguhundur fyrir blinda, björgunarhundur og fíkniefnahundur. Retriever hundar eru mjög vinsælir sem heimilis- og vinnuhundar.

Þó að retrieverhundur hafi góða meðfædda eiginleika, þýðir það ekki að hann þroskist sjálfkrafa í að vera fyrirmyndarhundur án vandkvæða. Það þarf að ala upp og virkja eiginleika hundsins og það þarf að gerast á réttan hátt.

## Hvolpur á heimilið

### *Undirbúningur*

Áður en þú færð hvolpin er gott að verða sér úti um þá hluti sem nauðsynlegir eru.

### *Bæli eða búr*

Mikilvægt er að hvolpurinn eigi sinn stað og bæli á heimilinu. Margir kjósa að venja hvolpin við að sofa í búri, búrið þarf þá að vera það stórt að hvolpurinn geti staðið uppréttur í því og snúið sér við. Kosturinn við búrin er að eftir að hvolpurinn hefur vanist því að búrið sé hans bæli þá er hægt að hafa búrið með sér þegar farið er í ferðalög og annað og þá fylgir svefnstaður hundsins með.

Mikilvægt er að virða bæli hundsins sem hans griðarstað á heimilinu, þegar hann er í bælinu á hann að fá að vera í friði.

### **Ól og taumur**

Í byrjun er gott að venja hvolpinn við léttu hálsól. Vandaður taumur er nauðsynlegur og með góðum lás sem fljótlegt er að smella á og af ólinni.

### **Kambur eða bursti**

Síðhærð kyn eins og Golden og Flat-coated þarf að bursta reglulega til að halda feldinum fríum af flókum. Einnig þarf að bursta snögghærð kyn, sérstaklega um feldskiptin. Byrjið strax og hvolpurinn er lítill, þá venst hann á að vera vel snyrtur.



### **Leikföng**

Hvolpurinn þarf einhver leikföng. Nautsleggur, plastbein, ýmiss konar nagdót, nautshúð eða harðfiskroð. Allt er þetta einnig gott fyrir tennur og kjálka hvolpsins.

### **Dallar**

Stöðug skál er góð undir vatn. Undir matinn er gott að hafa skál úr plasti eða ryðfríu stáli sem auðvelt er að þrifa.

### **Flauta**

Margar gerðir af flautum eru fánlegar, svo sem plastflautur, flautur úr beini og einnig málmflautur. Góð flauta þarf að vera þeim kostum búin að það sé auðvelt að halda henni milli tannanna meðan maður t.d. stýrir hundinum með handaskipun. Hún verður að þola raka án þess að missa tóninn því annars er hún gagnslaus. Málmflautur henta illa í frosti. Acme plastflauta er vinsæl meðal retriever eigenda.



## Uppeldisreglur

Áður en hvolpurinn kemur inn á heimilið er mjög skynsamlegt að halda fjölskyldufund. Þar er hægt að setja þær reglur sem eiga að gilda. Þær eiga að gilda fyrir hvolpinn, börnin og einnig fulloröna.

Þegar hvolpurinn kemur inn á heimilið er hann þegar móttækilegur fyrir uppeldisreglum. Því hefur tíkin séð fyrir. Hún hefur kennt hvolpunum hvenær hún vill láta þá sjúga og hvenær ekki og að stela ekki mat frá sér. Auk þess hefur hún kennt þeim um stöðu þeirra í virðingarstiganum.



Fyrir manneskjur sem ekki þekkja félagslega hegðun sem einkennir flokk rándýra kunna aðferðir tíkurinnar við uppeldi hvolpanna að sýnast harkalegar. Stundum gefur hún frá sér urr eða gelt og glefsar jafnvel í hvolpinn ef hann nálgast matardallinn hennar þegar hún er að éta. Hvolpurinn verður þá stundum það hræddur að hann hleypur vælandi burt.

Á meðan á leik stendur býtur tíkin í háls eða hnacka hvolpsins og gefur gjarnan frá sér djúpt urr. Hvolpurinn leggst þá á bakið og sýnir með því fulla upp-gjöf. Með því lærir hvolpurinn að lúffa fyrir forystuhundinum eða hundi sem hærra er settur í virðingarstiganum. Með því að reyna á mörk eða „landamæri“ og upplifa refsingu lærir hvolpurinn hvað má og hvað má ekki. Og það verður hann sáttur við. Vel agaður hundur þekkir sín takmörk og líður vel.



Við uppeldi er „nei“ mikilvægt orð og mun hvolpurinn fljótt læra meiningu orðsins. Mikilvægt er að hafa staðfestu og samhengi í öllum uppeldisaðferðum og sjá til þess að hvolpurinn viti til hvers þú ætlast af honum. Geri hvolpur eitthvað rangt skalt þú strax áminna hann. Hvolpurinn lærir fljótt og eftir stuttan tíma er oftast nóg að segja bara „nei“.

Þegar hvolpurinn gerir eitthvað rétt skaltu hrósa með glaðværri rödd „þetta var fint hjá þér – góður hundur“.

Hvolpurinn hefur frekar stutt minni. Það þýðir ekki að skamma hann fyrir eitthvað sem hann gerði fyrir 10 mínútum síðan. Ef þú nærð ekki að standa hvolpinn að verki á því augnabliki sem hann gerir eitthvað af sér verður þú að láta eins og ekkert hafi í skorist.

Hvolpurinn á að fá vinalegt uppeldi en skilvirkt og samhæft, alveg frá því augnabliki sem hann kemur inn á nýja heimilið. Það er mikilvægt að vera sjálfum sér samkvæmur þannig að fáar einfaldar reglur séu alltaf virtar. Að sama skapi er nauðsynlegt að allir heimilismenn séu sammála um hvað má og hvað má ekki.

### **Nýja heimilið**

Það er mjög gott að gefa sér góðan tíma þegar hvolpurinn kemur inn á nýja heimilið. Best er að vera í fríi ef hægt er að koma því við. Ef það gengur ekki er gott að sækja hvolpinn í byrjun helgar og vera með honum yfir helgina.



Í fyrstu á hvolpurinn að fá tækifæri til að kanna hið nýja umhverfi. Þegar hann hefur lokið því er kominn tími til að spjalla við hann og kela. Hvolpurinn vill gjarnan kanna andlit þitt. Það er hans aðferð við að ná tengslum við þig. Beygðu þig niður að gólfi til að leyfa honum að kynnast þér.

Þegar hvolpurinn þreytist á hann að fá að sofa í bælinu sínu. Þannig lærir hann fljótt að þekkja svefnstað sinn. Það að þekkja svefnstað sinn getur hjálpað hvolpinum fyrstu nóttina.



### Hreinlæti

Frá náttúrunnar hendi er hvolpurinn hreinlegur 6 vikna gamall. Hann sækir í burtu frá svefnstað sínum til að gera þarfir sínar – en kannski inn í stofu. Það erum við mannfólkið ekki ánægð með. Hann skal læra að gera þarfir sínar úti. Slys geta alltaf átt sér stað. Það er ósköp eðlilegt, hvolpurinn getur ekki haldið lengi í sér og hefur heldur engan skilning á því að hann verði að fara út til að gera þarfir sínar. Taktu því rólega. Með örlitlu láni er þetta vandamál yfirstaðið á tveimur til þremur vikum.

Eftir að hvolpurinn hefur étið, sofið eða leikið sér, þarf hann oft að létta á sér. Farðu þá með hvolpinum út á einhvern ákveðinn stað og bíddu átekta þangað til það gerist.

Á sama augnabliki segir þú „pissa - góður hundur“ eða eitthvað í þá áttina og hrósar honum duglega. Þegar þú sýnir hvolpinum afleiðingar þessarar aðferðar (þ.e. hrósið) verður hann fljótlega þess áskynja, hvenær hann er sendur út í garð til að leika sér og hvenær hann á að gera þarfir sínar. Að lokum getur hann í raun og veru pissað eftir skipun.

Þegar hvolpurinn er innandyra og verður mál byrjar hann að ráfa um leitandi með nefið niðri við gólf. Hann er að leita að stað til að gera þarfir sínar. Gríptu hvolpinum og haltu á honum út í garð. Ef þú ert of seinn skaltu ekki gera neitt stórmál út af því. Þá verður þú að láta þér nægja að þurrka upp eftir hann. Hreinsaðu vandlega eftir hvolpinum svo engin lykt sé eftir. Annars getur hann átt það til að pissa aftur á sama stað.

Vertu við því búinn að þurfa að gegna hvolpinum um nætur. Hvolpurinn verður að vera að minnsta kosti þriggja mánaða gamall til að það sé hægt að ætlast til að hann geti haldið í sér heila nótt. Hann vælir þá lítillega, því hann vill halda bælinu sínu hreinu. Þá er rétti tíminn til að skreppa út á nátt-sloppnum – líka í snjóbyl um vetur. Þetta tekur fljótt af.

## Fyrsta nóttin

Fyrsta nóttin getur verið vandamál fyrir hvolpinn. Hann er vanur að sofa í tryggu umhverfi ásamt systkinum sínum. Nú er hann allt í einu aleinn. Vonandi nærðu að láta hvolpinn sofna yfir daginn í bælinu svo að hann finni að þar er gott að vera. Sjáðu um að undirlagið sé mjúkt og hlýtt. Hvolpurinn er vanur að sofa meðal systkina sinna í hlýju svo að honum má alls ekki vera kalt.

Fyrir háttatíma skal hvolpurinn helst hafa vakað um stund svo hann sé þreyttur og syfjaður. Þá sefur hann betur.

Það er ekkert óalgengt að hvolpurinn ýfri eða væli þegar ljósin eru slökkt og dyrunum lokað. Best er ef hundurinn er látinn í friði og venjist sem fyrst á að fara að sofa á sínum stað.

Hafir þú hins vegar ákveðið fyrirfram að hvolpurinn skuli sofa í svefnerberginu fyrstu næturnar eru umskiptin auðvitað ekki eins erfið fyrir hann. Hafðu bælið eða búrið hans við hliðina á rúminu þínu. Góð regla er að strjúka hvolpinum blíðlega eftir bakinu ef hann lítill og einmana á meðan hann er að sofna.



## Matarvenjur

Þegar þú kaupir hvolp er hann yfirleitt um átta vikna gamall. Hann á helst að fá að éta fjórum sinnum á dag. Þegar hann verður fjögurra mánaða er gott að fækka gjöfunum niður í þrjár og um sex mánaða í tvær.

Láttu matinn ekki standa lengur en tíu mínútur í hvert skiptið. Hafðu ætíð ferskt vatn hjá honum.

Ef hvolpurinn étur ekki matinn skaltu ekki vera að gefa honum eitthvað betra. Gerir þú það lærir hann fljótt hvernig hann fer að því að lokka fram sælgætið. Éti hann ekki matinn hefur hann ekki þörf fyrir hann.

Kannski er bara komið að því að fækka máltíðum. Ef hvolpurinn étur

hins vegar ekkert í tvo daga gæti hann kannski verið veikur. Hafðu þá samband við dýralækni.

## **Óhöpp**

Það er næstum öruggt að hvolpurinn muni baka einhver vandræði á heimilinu. Oftast snúast þau um einhverja hluti sem hann hefur nagað í smáhluta eða skemmt. Hvolpurinn hefur mikla þörf fyrir að bíta í hluti. Það skýrist sumpart af leik- og rannsóknarþörf og sumpart af tanntöku.

Þetta vandamál eldist yfirleitt af hvolpinum. Það er að sjálfsgöðu óafsakanlegt að hvolpurinn sé að eyðileggja hluti. Ekki má þó gleyma að láta hvolpinn hafa eitthvert leikfang til að naga. Láttu það líka vera að geyma dýra hluti nálægt hvolpinum eða á þeim stað sem hann heldur sig.

Eitt er að bíta í hluti. Annað er að bera hluti. Retrieverhundar eru fæddir með þá eðlisávisun að bera hluti í kjaftinum. Það er þessi eðlisávisun sem þjálfun er byggð á þegar maður æfir sækivinnu. Hvolpurinn vill oft halda á sokkum, skóm eða einhverjum smáhlutum. Hann getur stundum verið dálítið þreytandi og þú stöðugt að taka þess háttar hluti af honum. En þú mátt ekki ávíta hann fyrir það. Ef þú þolir það alls ekki að hvolpurinn beri gömlu inniskóna þína skaltu skamma hann á því augnabliki þegar hann ætlar að taka þá í kjaftinn (nota skipunina nei).

Ef þú hins vegar skammar hvolpinn á meðan hann ber hlutinn í kjaftinum, eða þegar hann ætlar að gefa þér hann, getur þú átt það á hættu að hvolpurinn geti orðið tregur að koma til þín með eitthvað í kjaftinum. Það getur orsakað vandamál þegar þú æfir sækivinnu seinna meir.

## **Aleinn heima**

Aleinn-heima þjálfun hefst þegar hvolpurinn hefur vanist nýja heimilinu. Það er hvolpinum óeðlilegt að vera einn heima. Hann hefur alltaf verið með mömmu sinni og systkinum. Hann er frá náttúrunnar hendi félagsvera.

Vendu hvolpinn á að vera einan heima í 15 mínútna lotum. Smátt og smátt lengir þú tímann sem hann er skilinn eftir einn. Mundu að það á aldrei að skilja fullorðna hunda eftir lengur en 5 tíma eina. Hjá hvolpi tekur það marga mánuði að læra að halda í sér í fimm klukkutíma og þá fer húspjálfun fyrir lítið.

Til að fá hvolpinn til að gleyma sér getur þú t.d. gefið honum nýtt leikfang. Einnig getur þú falið nokkrar hundakexkökur í herberginu, sem hvolpurinn getur síðan dundað sér við að finna. Sumir hafa jafnvel kveikt á útvarpi til að þögnin verði ekki alger. Hvolpurinn róast við heyra rödd í útvarpi.

Það er mjög nauðsynlegt að hvolpurinn hafi bælið sitt í herberginu sem hann er skilinn eftir í. Athugaðu að ekki séu þar fyrir föt, töskur eða eitthvað verðmætt sem hvolpurinn getur nagað. Einnig verður að passa vel að ekki séu

heldur lausar rafmagnssnúður eða tengdar vatnsslöngur, slíkt getur verið dýrkeypt ef hvolpurinn nær að naga þær í sundur.

Best er að hvolpurinn sé skilinn eftir í tiltölulega litlu herbergi eða í búri. Að vera skilinn eftir á stóru svæði, eða hafa möguleika á að fara um allt heimilið og jafnvel út í glugga eykur bara á öryggi hans og getur valdið taugaveiklun. Líkurnar á að hann skemmi eitthvað eru að sama skapi meiri.

Eigi hvolpurinn að halda til í hundagerði eða búri, er mikilvægt að hann kynnist því vel og venjist því áður en hann er skilinn einn eftir í því og hafi upplifað gerðið eða búrið á jákvæðan hátt.



## Börn og hundar

Hundar og menn eiga það sameiginlegt að vera félagsverur.

Þrátt fyrir að frá náttúrunnar hendi sé þessum lífverum áskapað að vera í samskiptum við aðra er þó mikill munur á félagslegri uppbyggingu og samskiptareglum hunda annars vegar og í samfélagi manna hins vegar. Það getur valdið misskilningi, ekki síst milli hunda og barna. Það er mjög áriðandi að láta ekki smábörn vera ein með hvolpinum. Hundur sem er í eðli sínu fríðsamlegur, getur í hræðslu glefsað í barnið ef hann sætir óblíðri meðferð og getur ekki flúið.

Ein algengasta uppakoma er eftirfarandi: barnið hefur mikla ánægju af að handleika hvolpinn og skríða upp á hann eða halda þétt um hálsinn á honum. Hvolpurinn skilur þetta faðmlag sem tilraun barnsins til að drottna yfir sér. Þó verður að segjast, að flestir hundar læra að skilja okkar merkilega tjáningarform furðu fljótt.

Ef þú verður var við upptöku eins og að hvolpurinn urri eða barnið slái verður þú að grípa inn í samstundis. Þau verða bæði að skilja það að slíkt er ekki þolað.

Áður en þú færð hvolpinn á heimilið er skynsamlegt að ræða við börnin um hvernig réttast sé að umgangast hann.

### **Úti í hinum stóra heimi**

Á fyrstu átta mánuðum þroskast hvolpurinn ótrúlega hratt. Frá því að vera hjálparlaus nýburi í það að vera næstum fullvaxinn. Það er mikilvægt að á þessu skeiði sjáir þú um að hvolpurinn kynnist mismunandi umhverfi í uppeldinu og í grunnþjálfun. Þú getur t.d. farið með hann út í skóg, yfir smábryr, framhjá búfénaði á beit eða í sjóinn í bað. Þó skal hann fyrst og fremst venjast mannþröng og umferð.

Það er mikilvægt að hvolpurinn læri að umgangast aðra hunda en mundu að þetta allt skal vera hluti af skemmtiferð fyrir hvolpinn. Þú skalt líka passa að þeir hundar sem þið hittið og heilsað upp á séu skapgóðir. Kynnin af öðrum hundum mega ekki vera neikvæð reynsla fyrir hvolpinn. Það er líka mögulegt að fá hvolp á svipuðum aldri í heimsókn. Þeir hafa það mjög gott saman, en stundum getur slegið í brýnu þegar tveir hvolpar leika sér saman. Þess vegna skalt þú ekki láta þá leika sér of lengi saman í einu.



Mundu að þú ert leiðtögin. Hjá þér er öryggi og hvolpurinn treystir á þig. Þegar þið farið út saman, skalt þú sjá um að hvolpurinn fái jákvæða upplifun.

Lendirðu í aðstæðum þar sem hvolpurinn verður hræddur t.d. ef þið gangið framhjá hóp af kúm eða hrossum, skaltu róa hvolpinum svo hann læri að stór dýr með framandi lykt þurfi ekki að þýða mikla hættu.

Trygglyndi er lykilorðið þegar þú venur hvolpinum á að ferðast í bíl. Byrjaðu á stuttum bíltúrum. Sýndu hvolpinum hvar hann á að vera í bílnum. Mælst er til þess að hundar séu í búrum, eða með bílbelti í bíl. Það er mikilvægt að bíltúrinn endi á jákvæðan hátt.

Hvolpurinn getur t.d. fengið að hreyfa sig frjálst eftir ökuferðina. Þú skalt ekki fóðra hvolpinum fyrir bílferðir, alla vega ekki á meðan hann er að venjast þeim.



### **Hvolpur og hreyfing**

Allt er gott í hófi. Þetta gamla máltæki á vel við þegar talað er um hvolpa og hreyfingu.

Mátuleg dagleg hreyfing er nauðsynleg fyrir uppbyggingu vöðva, sína og liðbanda, eða í stuttu máli sagt, fyrir alla líkamsstarfsemi hvolpsins. Mátuleg hreyfing er í upphafi það að hvolpurinn fái útrás fyrir þörfina á að leika sér. Ungir hvolpar hafa ekki gott af göngutúrum, en smátt og smátt lengir maður göngutúrana.



Sem manneskjur getum við náttúrulega ekki fullnægt öllum þörfum hvolpsins til leikja eins og náttúrulegir félagar hans, þ.e.a.s. dýr sömu tegundar, en við getum séð um að í daglegri umgengni fái hann tækifæri til að leika sér. Við getum líka veitt honum útrás í uppsettum sækiafingum og í leitarleikjum. Hreyfingin skal vera í réttu hlutfalli við andlegan þroska hvolpsins, áhugi hans ber hann oft lengra en líkamleg geta leyfir.



Hreyfing tengd hjólreiðum er erfið og einhliða æfing og er álag á hundinn sem ætti ekki að leggja á hann fyrr en eftir tólf mánaða aldur.

Allar hoppæfingar skulu líka bíða þar til hundurinn er orðinn fullþroska. Hopp og stökk hvolpsins í leik á eigin forsendum eru auðvitað í lagi og nauðsynleg eðlilegum þroska hans.

## Hundapjálfun

Fyrir utan þetta venjulega uppeldi þar sem hundurinn lærir hvað hann má og hvað er bannað á heimilinu þarf hann líka að fara í þjálfun svo hægt sé að vera með hann utandyra án vandræða. Sem algjört lágmark þurfa allir retrieverhundar að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Að koma þegar kallað er
- Að ganga við hæl
- Að kunna að sitja við skipun
- Að geta sótt hluti sem kastað er

Í þessum kafla getur þú lesið um hvernig þjálfa má þessi fjögur atriði.

## **Komdu**

Þú getur byrjað að þjálfra innkall um leið og þú færð hvolpinn heim. Kallaðu á hann þegar þú ætlar að gefa honum að éta, þegar þú ætlar að gefa honum hundanammi, eða þú ætlar að gæla við hann. Þá lærir hann að tengja nafnið sitt við eitthvað gott og skemmtilegt.

Þegar þú kallar á hvolpinn er betra að segja nafnið hans fyrst: „Snati komdu!“ – þú græðir á því seinna þegar þú þjálfar með fleiri hundum.

Til að byrja með skalt þú ekki kalla á hvolpinn þegar hann er upptekinn af einhverju öðru. Þá er betra að fara og sækja hann. Ef þú kallar á hann, þá er það skipun um að hann eigi að koma. Ef hann kemst upp með að koma ekki, þá lærir hann að óhlyðnast skipunum þínum. Þið getið líka æft innkall þegar þið farið í göngutúr. Á fyrstu mánuðum ævi sinnar er hvolpurinn hræddur við að vera aleinn í þessum stóra heimi, en hann er einnig mjög forvitinn því það er svo skemmtileg lykt af öllu. Þegar hann hleypur fram fyrir þig getur þú prófað að beygja í aðra átt og kallað í hann um leið. Að öllum líkindum kemur hann hlaupandi eins og hratt og fætturnir geta borið hann.

Feluleikur er einnig mjög góð leið til að æfa innkall. Fáðu aðstoðarmann til að halda í ólina á hvolpinum meðan þú felur þig á bak við næsta hól eða runna. Kallaðu síðan á hvolpinn. Hann á auðvitað að fá mikið hrós og jafnvel góðgæti þegar hann finnur þig.



Mundu einnig að kenna hundinum að koma þegar flautað er. Kallaðu á hundinn og flautaðu strax á eftir innkall. Algengt er að nota endurtekin stutt 2 eða fleiri flaut sem tákni um innkall. Eftir nokkra daga á að vera nóg að flauta.

## **Að ganga í taumi**

Yfirleitt lætur maður hundinn ganga sér við vinstri hlið. Örvhentir veiðimenn kjósa þó oft að venja hundinn við að ganga við hægri hlið. Hann á ekki að toga í tauminn og hann á að ganga með höfuðið rétt fyrir framan hnéð á þér. Taumurinn á alltaf að vera slakur. Hundurinn á að fylgja hreyfingum stjórnandans, einnig þegar hann beygir snögg til hliðar eða snýr við.



Þú mátt ekki búast við, fyrstu skiptin, að hvolpurinn kunnist að ganga við hæl. Fyrst á hann að læra að hann geti ekki hlaupið burt. Sumir hvolpar verða hálf furðulegir í fyrsta skipti þegar togað er í tauminn. Aðrir verða afskaplega móðgaðir yfir þessari innrás á þeirra persónulega frelsi, neita hreinlega að hreyfa sig og fara í setuverkfall. Þá er best að reyna að lokka þá með sér í smátúr og nota jafnvel smávegis hunda-kex.

Þegar hvolpurinn verður örlítið eldri og hefur van-

ist því að vera í taumi getur þú smátt og smátt aukið kröfurnar. Sumir hundaeigendur lokka hvolpinn sinn til að ganga fallega við hæl með því að hafa kex í vinstri hendi en flestir nota þá aðferð að gefa smá rykki með taumnum þegar hvolpurinn hægir á sér eða fer á undan.

## **Að sitja**

Þar sem retrieverhundar eru yfirleitt mjög hrifnir af mat, er upplagt að nota hundakex sem verðlaun á þjálfunartímanum. Það má samt ekki ofnota verðlaun. Þegar hvolpurinn hefur lært viðkomandi skipun getur þú hætt að nota verðlaun.

Sumir hundaeigendur nota hundanammi til að kenna hvolpinum að setjast. Ef hvolpurinn sest þegar þú segir „sittu“, þá fær hann kex að launum. Það er tilvalið að kenna þessa skipun þegar fóðrað er, enda er fullur dallur af mat stærsta nammi sem retrieverhundur getur hugsað sér.

Önnur aðferð er þannig: Þegar hvolpurinn hefur lært að ganga á hæl, getur þú stansað skyndilega, gefið „sittu“ skipunina, togað tauminn róleg upp og aftur. Þegar hvolpurinn hefur sest, klórar þú honum á bringunni og hrósar honum. „Sittu“ skipunina má auðveldlega yfirfæra í flautuskipun á sama hátt við hægöngu og gagnast þá til að ná sambandi við hundinn á löngu færi – bæði í leik og vinnu. Oftast nota menn eitt langt flaut til að flautustoppa.

Síðan segir þú „hæll“ til að brjóta upp „sittu“ skipunina og heldur áfram göngu- unni. Ef þú endurtekur þessa æfingu nokkrum sinnum á hverjum degi líður ekki á löngu þar til hvolpurinn skilur hana fullkomlega. Það er mjög mikilvægt að muna að „sittu“ skipuninni fylgir alltaf önnur skipun sem losar hundinn úr sitjandi stöðu, eins og „hæll“, „komdu“ eða „frjáls“. Hundur á ekki að fara úr „sittu“ skipun án leyfis. Með flautu á löngu færi losar þú hundinn úr sitjandi stöðu með innkalli (endurtekin stutt flaut).

Fyrstu vikurnar er ráðlegt að leggja megináherslu á innkall.

### **Sókn**

Þú getur byrjað að þjálfva hvolpinn í að sækja þegar hann hefur að öðlast traust á þér. Farðu varlega svo að hvolpurinn verði ekki þreyttur. Ekki er þörf á að gera mikið af sækiafingum, bíðið þar til hvolpurinn getur verið stöðugur og innkall er orðið gott. Hafið í huga að hafa ró og yfirvegum í allri þjálfun og sýna hvolpi aldrei harðræði. Eðlileg ögun er í lagi.

Sóknarvinnan byggist á þremur eðlisþáttum.

- Að elta (veiðieðli)
- Að ráðast á
- Að bera heim og fela

Síðasti þátturinn er sérstaklega vel proskaður hjá retriever- og spanielhundum. Hundurinn tekur bráðina í kjaftinn og ber hana burt. Tilgangurinn er annaðhvort að éta bráðina á öruggum stað eða fara með hana heim í grennið til hvolpanna.

Það er sérstaklega mikilvægt að hvolpurinn hafi öðlast traust á þér, hann þarf að trúa því að það sé alveg öruggt að geyma þennan stórkostlega feng hjá þér.

Hvolpur sem hleypur burt með hlutinn sem hann á sækja hefur ekki ennþá öðlast nógu mikið traust á eiganda sínum eða lítur ekki nógu mikið upp til hans sem foringja.

Í fyrstu geturðu leikið sóknarleiki með samanvöðluðum vasaklút eða einhverju mjúku. Gefðu skipunina „sækja!“ um leið og þú kastar klútnum 2-3 metra frá þér, þegar hvolpurinn sér til, og leyfðu honum að hlaupa á eftir klútnum.

Um leið og hann hefur náð klútnum skaltu ganga afturábak frá honum og kalla á hann um leið. Þegar hann kemur á hann að fá hrós. Leyfðu honum að halda klútnum í nokkrar sekúndur. Því næst tekur þú klútinn rólega en ákveðið út úr honum og segir „takk“ eða „skila“ um leið.



Fyrst um sinn er hvolpurinn ekki alveg á því að afhenda fenginn, en hann lærir það smám saman þegar hann heyrir orðið „takk“. Passaðu þig á því að vera einn þegar þú ert að þjálf. Það má ekki vera neitt sem er það áhugavert að hvolpurinn missi áhugann á þér.

Til að byrja með getur verið gott að nota stað þar sem hvolpurinn getur ekki hlaupið burt frá þér. Það er til dæmis gott að hafa langan gang eða lokaðan garð. Hvolpurinn gæti annars reynt að fela „bráðina“ í bælinu sínu eða einhvers staðar þar sem hann heldur að þú nái ekki til, í stað þess að afhenda þér fenginn. Gefðu hundinum aldrei sælgæti þegar þú ert með hann í sækivinnu. Þá mun hann örugglega sleppa takinu í stað þess að afhenda þér hlutinn. Hann reynir örugglega að fá sín verðlaun eins fljótt og hægt er. Eftir því sem hvolpurinn vex, er nauðsynlegt að útvega sér aðra hluti sem hægt er að kasta lengra. Það getur verið tennisbolti eða svokölluð „dummy“ (gervibráð) sem fást í gæludýra- eða veiðibúðum.

Sumir hundar veigra sér við að sækja alvöru bráð þegar þeir eru orðnir það gamlir að menn vilja fara að nota þá við veiðar. Þú getur forðast þetta vandamál með því að nota litla fugla eða vængi frá því hvolpurinn er lífill.

Þegar hundurinn hefur lært að sitja við skipun og er orðinn það öruggur í því að þú getir gengið frá honum án þess að hann hreyfi sig, getur þú kennt honum að vera kyrr meðan þú kastar dummyinu. Hann á ekki að sækja fyrir en þú gefur skipun.



Retrieverhund á að vera hægt að senda út í móa til að sækja, jafnvel þótt hann hafi ekki séð neinum hlut kastað eða nokkurn fugl skotinn. Hann á einnig að læra að sækja út í vatn og ef nota á hann við veiðar þarf að vera hægt að stoppa hann með flautu og senda hann í þá átt sem þú vilt að hann fari í.

Þetta og margt fleira getur þú lært á námskeiðum hjá hundaskólum, svo það er um að gera að láta skrá sig strax. Þá eignastu hljóðinn og duglegan hund sem þú getur verið stoltur af og upplifað fullt af skemmtilegum hlutum með öðru hundafólki og að sjálfsögðu með hundinum þínum.



## Retriever sem vinnuhundur

Retriever er fjölhæfur hundur sem nýtur sín best ef hann hefur eitthvað að gera og það er hægt að þjálfa hann til ótrúlegustu starfa.

### ***Veiðihundur***

Sem veiðihundur er það fyrst og fremst hans starf að sækja skotna fugla, jafnt á landi sem í vatni. Hann á að sitja rólegur við hlið stjórnandans þar til hann fær skipun um að sækja. Retrieverhundar eru ræktaðir til að vinna eftir að fuglinn fellur en það er líka hægt að þjálfa þá til að finna bráð. Þeir geta unnið líkt og standandi fuglahundar sem leita að bráðinni fyrir framan veiðimanninn eða sem fælihundar sem fæla fuglinn upp, til dæmis út úr kjarri, þar sem erfitt fyrir veiðimanninn að komast að. Þó ber að geta þess að það eru til hundakyn sem leysa aðra vinnu en sækivinnu mun betur af hendi en retrieverhundar.



### ***Sporhundur***

Retrieverhundar eru einnig notaðir sem sporhundar. Sú vinna felst í því að rekja slóðir t.d. eftir týnt fólk.

### ***Leitarhundar***

Björgunarsveitir nota þá til að leita í húsarústum og þeir hafa margoft sannað getu sína sem snjóflóðahundar.

### ***Fíkniefnaleitarhundar***

Tollverðir nota retrieverhunda mikið til að finna eiturylf. Hundarnir eru þjálfaðir til að greina sérstaka lykt og jafnvel best úthugsuðu felustaðir finnast fljótt með þeirra hjálp.

### ***Sprengjuleitarhundar***

Hundarnir læra að finna sprengiefni og láta vita þegar þeir hafa fundið það án þess þó að snerta það.

### ***Leiðsöguhundar fyrir blinda***

Leiðsöguhundur gefur þeim blinda möguleika á að fara sinna ferða af meira öryggi. Hann stýrir notanda sínum framhjá alls kyns hindrunum, stansar við gangstéttarbrúnir og getur staðsett hina ýmsu áfangastaði, t.d. bakaríð o.þ.h.



## **Hlýðni**

Hlýðni leggur áherslu á ýmsar hlýðniæfingar sem þjálfar samspil hunds og eigenda. Hlýðni er í nokkrum erfiðleikastigum og hægt er að öðlast meistara-stig.

## **Hundafimi (Agility)**

Hundafimi er sport þar sem hundurinn þarf að sýna hlýðni og læra að fara yfir ákveðnar hindranir, t.d. vegasalt, fara gegnum rör, stökkva yfir slár og fleira.

Retriever hundar hafa gaman af áskorunum sem þessum auk þess sem það treystir samband hunds og eiganda sem er mjög til bóta.

## **Líkamlegur þroski hundsins**

### **Tannskipti**

Eins og mannskepnan fær barnatennur, fá hundar hvolpatennur sem þeir missa, og fá fullorðinstennur í staðinn. Þegar hvolpurinn er 3 ½ - 5 mánaða byrjar hann að missa hvolpatennurnar sem sáu dagsins ljós þegar hann var 14 – 20 daga gamall.

Fyrst missir hann tvær miðjuframtennur í efri gómi og síðan fara þær 2 og 2 á u.þ.b. 14 daga fresti. Vígtennurnar missir hann ekki fyrr en hann er um 5 mánaða gamall en nýjar tennur koma mjög fljótt í staðinn.



*Flat coated Retriever*

Miðjutennurnar missir hann svo um 5-6 mánaða aldurinn. Eins og hjá okkur eru það fullorðinstennurnar sem ryðja hvolpatönnunum í burtu, en það getur gerst að hvolpatennurnar séu það fastar fyrir að fullorðinstennurnar komi niður á vitlausum stað og myndast þá skakkt bit en oftast ganga tannskiptin yfir án vandræða.

Nagbein, kálfsleggir eða hörð bökuð nagbein eru frábær hjálpartæki til að tannskiptin gangi vel fyrir sig. Vertu samt vel á verði gagnvart föstum hvolpatönnum og ef þú ert ekki viss um að allt sé í lagi leitaðu þá ráða hjá dýralækninum.



*Nova scotia Duck Tolling Retriever*

Þú skalt venja hvolpinn við að kjaftur og tennur séu skoðaðar þannig að hvolpurinn viti að þú og aðrir (t.d. dómarrar og dýralæknar) megi skoða tennur og kjaft. Þá er líka auðveldara að gefa honum lyf sé það nauðsynlegt.

### **Lóðari**

Það er sjaldgæft að tíkur af retrieverkyni byrji að lóða fyrr en 7-8 mánaða og sumar byrja ekki fyrr en við 1½-2 ára aldurinn. Það er æðis misjafnt milli einstaklinga hvað er langt á milli þess sem tíkur lóða.

Lóðari hefst þegar byrjar að leka blóð frá tíkinni og ytri kynfæri byrja að þrútna. Það blæðir mjög lítið hjá sumum tíkum eða þá að þær eru svo þrifnar að það getur verið erfitt að tímasetja nákvæmlega upphaf lóðarís. Tíkin getur breytt um hegðun; hún getur verið rólegri, meira kelin, óþekkari, farið að pissa oft og merkja með þvagi, orðið ómöguleg í þjálfun o.s.frv.



*Golden Retriever*

Á þessu tímabili er tíkin ekki tilbúin fyrir rakkann, urrar, sest niður eða setur rófuna milli fótanna.

Þegar tíkin er tilbúin fyrir rakka eru kynfæri hennar mjög bólgin og verða ljósrauð eða bleiklituð. Á þessu tímabili á egglos sér stað og tíkin getur orðið hvolpafull. Hún samþykkir nú rakkann með því að stilla sér upp með rófuna til hliðar.

Í heildina eru þetta 3 vikur og oftast er 2. vikan sú hættulegasta og þá ætti fólk að passa tíkina vel ef það vill ekki fá nýja heimilismeðlimi. En þetta er ekki algilt og sumar tíkur eru tilbúnar strax á 5. degi meðan aðrar eru frjóar allt til 20. dags. Það eru líka til tíkur sem eru svo vandlátar að þær vilja alls ekki hundinn þó þær séu hálóða.

Egglosið stýrist af hormónum og er talið best að para retrievertíkur á 12. degi lóðarís en einnig þar eru margar undantekningar. Sumar tíkur hafa egglos strax á 7. degi en aðrar ekki fyrr en á 23. degi og þá græðir fólk ekkert á því að para á 12. degi.

### **Launeistu**

Launeistu, er ástand þar sem rakkinn hefur einungis annað eða hvorugt eistað niðri í pungnum. Venjulega eru eistun komin niður úr kviðarholinu í punginn strax við fæðingu, eða á fyrstu 4 vikunum eftir fæðingu en í einstöku tilfellum gerist það seinna. Falda eistað getur annað hvort verið í náranum eða kviðarholinu. Í flestum tilfellum er það hægra eistað sem er falið.

Launeista er arfgengt, bæði frá tík og hundi. Eineistungar eru frjóir en gæði sæðisins eru léleg. Þeir sem engin eistu hafa eru ófrjóir. Hjá rökkum eru æxli í eistum hjá launeistungum algeng.

Það er mögulegt að fjarlægja hið falda eista. Staðreyndirnar eru þó þessar:

- Hundurinn er óhæfur til undaneldis (arfgengur galli)
- Engin hættta er á æxli í eista eða breytingum á hegðun
- Hundurinn framleiðir áfram karlhormón

Hjá launeista hundi er kynhegðun engu minni en hjá öðrum hundum og getur jafnvel verið mun meiri

## **Heilsa hundsins**

### **Bólusetning**

Hundar eru bólusettir til að vernda þá gegn hættulegum smitsjúkdómum. Hér á landi er ekki um marga sjúkdóma að ræða og í dag er algengast að bólusett sé vegna smáveirusóttar (parvó) og lifrabólgu (HCC).

Smáveirusóttin lýsir sér með uppköstum og niðurgangi sem oft er blóðlitaður.

Þegar hundarnir hafa verið bólusettir myndast mótefni í blóðinu sem ver hundinn ef hann smitast af viðkomandi sjúkdómi.

Hvolpar fá fyrstu 2 mánuði mótefni gegnum hrámjólkina frá tíkinni. Mótefnið fer í gegnum þarma hvolpsins og þaðan út í blóðið og verndar hvolpinn fyrstu vikurnar fyrir þeim sjúkdómum sem tíkin er ónæg fyrir.

Leitið til dýralæknis varðandi ráðleggingar við bólusetningar.

Þar sem margir hundar koma saman t.d. á sýningum, veiðiprófum og þjálfun-arstöðum er smithætta meiri en ella.



*Labrador Retriever*

### **Ormar**

Ormar eru mjög útbreiddir og geta orsakað alvarlega sjúkdóma hjá hundum. Hvolpar geta fæðst með orma sem þeir fá frá tikinni með fylgjuni.

### **Ormahreinsun**

Hvolpa ætti að hreinsa ekki seinna en með fyrstu bólusetningu og nánar í samráði við dýralækni.

Fullorðna hunda þarf að hreinsa að minnsta kosti einu sinni á ári og þá helst stuttu áður eða um leið og þeir eru bólusettir. Ormahreinsun fer oftast fram hjá dýralækni.

## **Umhirða og snyrting**

### **Feldur**

Allt frá fyrsta degi er gott að venja hvolpinn við að vera þuklaður og skoðaður. Feldinn er gott að bursta og strjúka öðru hvoru en það fer allt eftir feldi hundsins hvernig burstar henta best. Markmiðið er að hreinsa feldinn af óhreinindum og forðast flóka.

Hundar fara úr hárum, sumir eftir árstíðum á meðan aðrir fara úr hárum 1-2 sinnum á ári. Þetta getur líka farið eftir fóðri. Ef hundurinn þinn fer mikið úr

hárum er ekki annað að gera en að bursta hann daglega á meðan og jafnvel ryksuga öðru hvoru. Margir hvolpar og jafnvel fullorðnir hundar eiga það til að velta sér upp úr illa lyktandi hlutum eins og hræjum og slíku. Þetta kallar á að hundurinn sé þveginn öðru hvoru. Til þess er gott að nota milda hundasápu og skola hana mjög vel úr að lokum. Ekki er gott að nota sterka sápu eða þvo oft því þá er hættu á að feldur og húð ofþorni.

### ***Pófar***

Hjá nokkrum tegundum retrieverhunda, sérstaklega þeim sem eru með mikinn feld, getur verið kostur að klippa þau hár sem vaxa út á milli gangþófanna. Með því má komast hjá að sandur og óhreinindi berist inn í hús og að á vetrum festist tjara og klaki í þófunum.

Það getur verið gott fyrir þá sem búa við götur, þar sem mikið er saltað á veturna að venja hundinn við að þófar séu skolaðir í fötu af volgu vatni áður en hann fær að fara inn í hús.

### ***Klær***

Ef klærnar á hundinum ná ekki að slitna þarf að klippa þær. Til þess er best að nota sérstaka hundanaglaklippur. Best er að klippa lítið hverju sinni því annars er hættu á að maður klippi inn í kviku. Hægt er að átta sig á hvað klippa má nálægt með því að skoða neðan á klærnar.

Það er auðveldara að sjá kvikuna í ljósum klóm en dökkum. Ef þú ert í vafa er ráðlegt að fá leiðsögn í næstu heimsókn hjá dýralækninum. Munið eftir 5. klónni sem staðsett er innanvert á framfótunum.

### ***Tennur***

Tannsteinn gerir hundinn andfúlan og eykur líkurnar á tannskemmdum.

Varast ber sætindi en gefa hundinum frekar þar til gerð nagbein. Gott þurrfóður á að geta haldið tönnum hreinum. Einnig er gott að gefa hundum hráa leggi úr stórgripum öðru hverju til að halda tönnum hreinum og lausum við tannstein. Gefið hundum ekki soðin bein því þau verða stökk og brotna illa svo þau geta hæglega sært bæði munn og meltingaveg. Hundum skal heldur ekki gefin fuglabein – hvorki hrá né soðin – af sömu ástæðu.

Sumir hundar sætta sig við að láta bursta í sér tennurnar en aðrir þurfa að fara til dýralæknis til að fá tennurnar hreinsaðar.

### ***Augu***

Oft vill safnast smá slím í augnakróa hundsins. Þetta er aðferð augans til að hreinsa sig sjálft. Ef slímið er mikið er gott að skola augun með saltvatni eða soðnu vatni. 5 ml af matarsalti er blandað útí ½ lítra af soðnu vatni og augun síðan skoluð þegar vatnið hefur kólnað nægilega mikið. Ef slímið er óeðlilega mikið og gulleitt er rétt að heimsækja dýralækni.

## **Eyru**

Ytra eyrað má hreinsa með bómull vættri í smá matarolíu eða soðnu vatni. Ef eyrað er mjög óhreint er hægt að hreinsa það með sérstökum eyrnahreinsi. Fylgið nákvæmlega leiðbeiningum og hellið aldrei í eyra sem blæðir eða drýpur úr.

Hafi hundur eyrnabólgu eða annað mein er líklegt að hann halli höfðinu oft á þá hlið sem meinið er og hristi hausinn oft, nuddi eyranu við gólfið eða klóri það óeðlilega mikið. Ef þessi einkenni koma fram leitið þá strax til dýralæknis.

## **Fóðrun**

Auðveldasta leiðin til að fóðra hundinn á heilbrigðan hátt er að venja hann á svokallað heilfóður. Það hvort fóðra á hvolpinn á sérstöku hvolpafóðri eða fóðri fyrir fullorðna hunda ræðst af því hverrar tegundar hvolpurinn er og hvaða gerð fóðurs þú ætlar að nota. Ekki verður farið hér yfir einstakar tegundir eða gerðir af hundafóðri, en þó ber að hafa í huga að margir nýir hundaeigendur spyrja yfirleitt sömu spurninganna um hundafóður og næringargildi þess.

Fóðurframleiðendur gefa góðar upplýsingar um næringu og innihald sinnar vöru og er fólk bent á að leita sér upplýsinga hjá ræktenda og öðrum við val á fóðri. Kynna sér síðan vel hjá innflytjendum innihald og fylgjast vel með framgangi hvolpsins/hundsins.

Góð þumalputtaregla er að byrja á því að gefa sama fóður og ræktandi hvolpsins gefur, leita sér síðan upplýsinga og kanna innihald fóðurs og taka ákvörðun í kjölfar þess. Munið að ef skipt er um fóðurtegund fer best að gera það í nokkrum skömmtum, sem sagt blanda saman gamla fóðrinu og því nýja og smám saman auka hlutfall nýja fóðursins.



## Til minnis

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

# Bein í hæsta gæðaflokki





## AF HVERJU AÐ GEFA HVOLPAFÓÐUR?

Þökk sé 40 árum af sérþekkingu, hefur **Royal Canin** þróað **JUNIOR** fóður fyrir hvolpa sem mætir næringarlegri þörf hvolpsins. **JUNIOR** fóður stuðlar að heilbrigðum vexti, mætir hárrí orkuþörf hvolpsins, stuðlar að heilbrigðu ónæmiskerfi og heilbrigðri beinabyggingu.

Gæði hráefna, nákvæm næringarsamsetning og auðmeltanlegt fóður...

**Royal Canin** hugsaði til allra þessara þátta við þróun **JUNIOR** hvolpafóðurs.

**100% Næringarþörf hvolpsins !**